

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972 og lög nr. 67/1974, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. málsg. 7. gr. komi nýr málslíður, er verði 2. málslíður og orðist svo:

Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg., reiknuðum af $\frac{3}{4}$ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.

2. gr.

Í 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. málsg. og orðist svo:

Greiða skal barnalífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef maki sjóðfélaga fellur frá, og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða barnalífeyri, ef makinn missir starfsorku sína að mestu eða öllu leyti. Sé jafnframt um barnalífeyrisrétt að ræða vegna fráfalls eða örorku sjóðfélaga sjálfs, fer þó um greiðslu lífeyris eftir 2. málslíð 2. málsg.

3. gr.

Í 17. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 4. málsgrein og orðist svo:

Við ákvörðun örorkulífeyris manns, sem lífeyrisrétt á samkvæmt 10. gr., fæddur er árið 1914 eða fyrr og verið hefur sjóðfélagi frá stofnun sjóðsins, skal reikna með réttindatíma til ársloka 1970 í samræmi við 3. málsg. þessarar greinar og áætla stig aftur í tímann í samræmi við ákvæði 2. málsg. 10. gr. Bráðabirgðaákvæði laganna um skert iðgjöld til sjóðsins árin 1971—1973 skulu ekki skerða lífeyrisréttinn. Þá skal við ákvörðun ellilífeyris samkvæmt þessari grein reikna sem réttindatíma tímabil frá því er slíkur öryrki hefur látið af búskap til 70 ára aldurs.

4. gr.

3. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt 9.—11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein og örorkulífeyri samkvæmt 4. málsg. 17. gr. Frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. telst lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. en elli- eða makalífeyrir samkvæmt þessari grein, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

5. gr.

Í stað „18. gr.“ í 19. gr. laganna komi: 17. og 18. gr.

6. gr.

Ný grein, er verði 24. gr., orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt II. kafla skal árið 1976 miðast við grundvallarlaun 1971—1975 og árið 1977 við grundvallarlaun 1972—1976. Síðan er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1978.

7. gr.

Ný grein, er verði 25. gr., orðist svo:

Nú ávaxtar sjóðurinn hluta af höfuðstóli sínum í verðtryggðum skuldabréfum eða með öðrum þeim hætti, er hefur í för með sér betri ávöxtun en sem nemur hæstu almennum útlánsvöxtum af skuldabréfum, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri samkvæmt I. kafla.

Stjórnin skal leita álits tryggingafræðings á því, hve miklar uppbætur hann telur sjóðinn megnugan að greiða. Tryggingafræðingurinn skal hafa hliðsjón annars vegar af hækkun grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. frá því, sem þau voru á því tímabili, er lífeyrisfjárhæð hvers einstaks lífeyrisþega miðast við, en hins vegar af hagnaði sjóðsins af þeirri umframávöxtun, sem nefnd er í 1. málsg., og fjárhagsstöðu sjóðsins í heild. Aldrei má hækka lífeyri meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Uppbætur, sem stjórn sjóðsins hefur einu sinni ákveðið, skulu ekki felldar niður né lækkaðar, nema lækkun verði á grundvallarlaunum. Lækki grundvallarlaun, skal endurskoða fjárhæðir uppbóta með hliðsjón af breyttum forsendum, sbr. 2. málsg.

8. gr.

Greinatala laganna breytist þannig, að 24. gr. verði 26. gr. og 25. gr. verði 27. gr.

9. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Árin 1976 og 1977 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en síðan hækki þau á ný 1. júlí 1976, 1. janúar 1977 og 1. júlí 1977 í hlutfalli við þá hækkun, er þá verður á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal hækka á sama hátt, þó þannig, að slíka hækkun skal einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík 8. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.